



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um staðsetningu nýbyggingar Dalskóla

Á fundi borgarráðs 17. maí sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Nýbygging Dalskóla í Úlfarsárdal er byggð þétt upp við spennistöð. Óskað er eftir greinargerð um þessa staðsetningu sem hefur óæskileg áhrif á birtuskilyrði í skólanum auk þess sem foreldrar hafa áhyggjur af hugsanlegri hættu vegna rafsviðs stöðvarinnar. Óskað er eftir upplýsingum um feril málsins og hvað olli því að ákvörðun var tekin um að haga málum með þessum hætti. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvernig best verði staðið að því að flytja umrædda stöð í viðunandi fjarlægð frá skólabyggingunni og áætlaðan kostnað vegna þess."

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Umrætt húsnæði er líka dælustöð fyrir snjóbræðslukerfi. Þessi bygging er sameiginleg eign Reykjavíkurborgar og Veitna og var reist á árunum 2007 – 2008.

Í suðurhluta byggingarinnar, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, er dælustöð fyrir snjóbræðslukerfi og snýr að nýreistri skólabyggingu. Í norðurhlutanum, sem snýr að Úlfarsbraut, er dreifistöð Veitna ohf. Hlutverk þessara bygginga er annars vegar að sjá um raforkudreifingu í stórum hluta Úlfarsárdal og hins vegar að sjá um snjóbræðslu á götum og gangstéttum á svæðinu. Það er því dælustöðin sem snýr að skólabyggingunni en ekki dreifistöðin.

Dælu- og spennistöðin var á skipulagi og staðsett á þessum stað þegar skólinn og íþróttahús Fram voru vestan og austan bílastæðis mannvirkjanna. Þegar niðurstaða samkeppni um skóla, frístund, bóka- og menningarmiðstöð, sundlaug og íþróttamannvirkja Fram lá fyrir gerðu arkitektar tillögu að því að jarða stöðina á sama stað, lækka stöðina í landinu, en það var ekki talið fýsilegt vegna kostnaðar og var því verkefnið leyst miðað við núverandi staðsetningu stöðvarinnar.

Ef byggja ætti nýja stöð, sem hýsir dælustöð fyrir snjóbræðslu og dreifistöð fyrir rafmagn, mundi gróf kostnaðaráætlun vera um um 100 – 120 mkr. Til viðbótar kemur kostnaður við færslu lagna sem ræðst að því hvar ný stöð yrði staðsett.

Óli Jón Hertervig

